



Foreldrafélög grunnskólanna  
í Reykjanesbæ

FFGÍR Starfsárið 2009-2010

Ingigerður Sæmundsdóttir, verkefnastjóri. Stjórnarfundir á starfsári eru orðnir 7, eitt námskeið og einn samráðsfundur. Verkefnastjóri FFGÍR situr í fræðsluráði sem áheyrnafulltrúi og er fulltrúi foreldra í samtaka hópnum sem er þverfaglegur forvarnahópur. Verkefnastjóri er fulltrúi í samtökum Heimilis og skóla.

Símatími FFGÍR er alla virka daga frá 16-17.

Fyrirlestraröð FFGÍR í janúar, febrúar, mars og apríl fyrir foreldra.

Greinaskrif, samráð milli foreldrafélaga í Reykjanesbæ. Ákvarðanir teknar og þeim fylgt eftir.

FFGÍR ásamt SPKEF gaf öllum börnum í 1.-2.bekk endurskinsvesti til eigna.

FFGÍR gaf nemendum í 5.bekk í Reykjanesbæ eineltisbækling og Ingó veðurguð skemmti og spjallaði við krakkana.

FFGÍR er í góðu sambandi við skólastjórnendur og ritara skólans sem svara fyrirspurnum um hæl þegar til þeirra er leitað.

Verkefnastjóri FFGÍR þýddi skóladagatöl Myllubakkaskóla frá janúar-júní á ensku og pólsku og afhenti stjórnendum Myllubakkaskóla.

Umferðaröryggi barna- óformleg könnun á meðal starfsmanna og stjórnenda.

FFGÍR hefur hug á að efla starf sitt enn frekar og vill stuðla að meiri samvinnu milli heimilis og skóla.

Verkefni framundan 2010-2011

1. Þýða öll skóladagatölin á ensku og pólsku og afhenda skólastjórum í byrjun ágúst.
2. Útbúa sameiginlega upplýsinga bækling fyrir öll foreldrafélögin um hlutverk foreldra í skólagöngu barna sinna.
3. Útbúa kynningarefni um foreldrafélögin og FFGÍR og hvernig foreldrar geta nýtt sér starfsmann samtakanna.
4. Upplýsingar um einelti og hlutverk foreldra og fullorðinna þegar barn verður fyrir einelti.
5. Áfram að stuðla að umræðu um umferðaröryggi barna í og við skóla.
6. Stöðvum einelti í Reykjanesbæ – fylgst með aðgerðaráætlunum skóla.
7. Ræðum mótuneytismál